



Fundargerð

Fundur í skipulags- húsnæðis- og hafnarnefnd Reykhólahrepps
föstudaginn 30. júní 2017 kl. 11.

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mætt: Karl Kristjánsson formaður og Rebekka Eiríksdóttir og Kolfinna Ýr Ingólfssdóttir í forföllum Egils Sigurgeirssonar. Einnig sat fundinn Ingibjörg B. Erlingsdóttir sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

Fundargerð er rituð á tölvu og er 3 blaðsíður.

Formaður bauð fólk velkomið og setti fundinn. Formaður spurði eftir öðrum málum á dagskrá, tvö mál bárust og var samþykkt að taka þau á dagskrá undir liðnum önnur mál. Þá var gengið til dagskrár.

Dagskrá:

Mál til afgreiðslu:

1. Fundargerð fundar skipulags- húsnæðis- og hafnarnefndar 29. maí 2017.

Farið yfir fundargerðina og hún samþykkt samhljóða.

2. 1706011 - Ársreikningur Hafnarsjóðs og Leiguíbúða Reykhólahrepps 2016.

Ársreikningur hafnarsjóðs lagður fram. Rekstrartap sjóðsins á árinu nam 2,3 millj. kr. Eignir sjóðsins í árslok námu 22,2 millj. kr. og heildarskuldir voru 10 millj. kr. Eigið fé í árslok var jákvætt um 12,2 millj. kr.

Nefndin leggur til við sveitarstjórn að samþykkja ársreikninginn. Samþykkt samhljóða.

Ársreikningur leiguíbúða lagður fram. Rekstrartap sjóðsins á árinu nam 311 þús. kr. Eignir leiguíbúða í árslok námu 56,8 millj. kr. og heildarskuldir voru 42,1 millj. kr. Eigið fé nam í árslok nam 14,7 millj. kr.

Nefndin leggur til við sveitarstjórn að samþykkja ársreikninginn. Samþykkt samhljóða.

3. 1706017 - Tilkynning um skógrækt á jörðinni Höllustöðum, landnr. 139600.

Erindi frá Skógræktinni dagsett 19. maí 2017.

Nefndin telur framkvæmdina minniháttar og metur hana ekki framkvæmdaleyfisskylda. Nefndin beinir því til hlutaðeigandi að haft verði samráð við minjavörð Vestfjarða varðandi fornleifar á jörðinni. Samþykkt samhljóða.

4. 1706018 - Áskorun til aðildaríka Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (IMO).

Erindi sent frá Hafnasambandi Íslands 28. júní 2017, framsending á erindi frá aðgerðarhópi í loftslagsmálum þar sem óskað er eftir undirritun sveitarfélagsins á áskorun, a. Bann við notkun svartolíu sem eldsneyti á skip innan þess svæðis sem IMO hefur skilgreint sem norðurslóðir, b. Að skilgreina svæðið norðan 60. breiddargráðu sem ECA svæði.

Nefndin leggur til að sveitarstjórn undirriti áskorunina f.h. Reykhólahrepps. Samþykkt samhljóða.

5. 1706019 - Ársreikningur Hafnasambands Íslands 2016.

Ársreikningur lagur fram og kynntur.

Önnur mál (ef einhver): Löglega upp borin.

6. **1604001 – Deiliskipulag Kvígindisfirði.**

Skipulagstillagan hefur verið auglýst samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 fyrir deiliskipulagið Dal í landi Kvígindisfjarðar í Kvígindisfirði.

Gert er ráð fyrir 12 lóðum á svæðinu.

- Athugasemd barst frá Veðurstofu Íslands dags; 30.05.2017
Sjónarhorn frá öllum lóðunum er yfir 15°. Lægst er það lóð 1, þar sem er um 18° í fjallsbrún að austanverðu í dalnum. Þá er upptakahalli beggja vegna dalsins. Samkvæmt reglugerð um nýtingu hættusvæða er heimlt að breyta íbúðar- og atvinnuhúsnaði, þó þannig að heildaráhætta á viððkomandi svæði aukist ekki, t.d með fjölgun íbúða eða fjölgun starfsmanna. Þannig að leyfilegt er að stækka hús samkvæmt þessu deiliskipulagi feli það ekki í sér meiri viðveru í viððkomandi húsum. Hinsvegar er þörf á staðbundnu hættumati fyrir lóðir 1-8 áður en framkvæmdir hefast.

Skip,-bygg = Skipulagsnefndin samþykkir athugasemdir Veðurstofnunnar að gert sé hættumat fyrir lóðirnar 1-8.

- Athugasemd frá Nátturfræðistofnun Íslands dags, 15.maí 2017.
Undirlendi er ekki mikið á þessu svæði og því mikilvægt að halda í eins mikið af náttulegu birki, votlendi, mólendi og graslendi eins mögulegt er vegna plöntu- og dýralífs og fylgja þarf eftir kröfum um bann við framandi tendunda og útli húsa. Að mati Nátturfræðistofnunar þarf því að taka fyrir hvern byggingarreit fyrir sig með tilliti til þessa.

Skip,bygg = Skipulagsnefndin samþykkir athugasemdir frá Nátturfræðistofnun Íslands.

Nefndin telur að brugðist hafi verið við öllum fram komnum athugasemdum og samþykkir tillöguna til endanlegrar afgreiðslu skipulagsstofnunar.

7. 1505002 – Deiliskipulag Kirkjuból.

Skipulagstillagan hefur verið auglýst samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 fyrir deiliskipulag í landi Kirkjubóls á Bæjarnesi í Kvíðindisfirði. Gert er ráð fyrir 23 lóðum á svæðinu.

Athugasemdir bárust á auglýstum tíma.

- Þorvaldi Keran Sverrissyni frá Ballará á Skarðsströnd og Brekkuvöllum á Barðastönd. Þorvaldur gerir athugasemd með að jörðin Kirkjuból sé staðsett á Barðaströnd í auglýstri skipulagstillögu í mbl, en Barðaströnd liggi frá Vatnsfirði út undir Kleifaheiði en er ekki í Reykhólasveit.

Skip,-og bygg = Skipulagsnefndin samþykkir athugasemd Þorvalds og verður lagfært í skipulagstillögunni.

- Athugasemd barst frá Veðurstofu Íslands dags; 30.05.2017
Sjónarhorn frá lóðunum að brún er hvergi minna en 22° og mest er það 38°. Það er því þörf á staðbundnu hættumati fyrir allar lóðirnar áður en framkvæmdir hefjast.

Skip,-bygg = Skipulagsnefndin samþykkir athugasemdir Veðurstofnunnar að gert sé hættumat fyrir lóðirnar.

- Athugasemd frá Nátturfræðistofnun Íslands dags, 15.maí 2017.
Undirlendi er ekki mikið á þessu svæði og því mikilvægt að halda í eins mikið af náttulegu birki, votlendi, mólendi og graslendi eins mögulegt er vegna plöntu- og dýralífs og fylgja þarf eftir kröfum um bann við framandi tendunda og útli húsa. Að mati Nátturfræðistofnunar þarf því að taka fyrir hvern byggingarreit fyrir sig með tilliti til þessa.

Skip,bygg = Skipulagsnefndin samþykkir athugasemdir frá Nátturfræðistofnun Íslands.

Nefndin telur að brugðist hafi verið við öllum fram komnum athugasemdum og samþykkir tillöguna til endanlegrar afgreiðslu skipulagsstofnunar.

Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 12.10
